

Viðskiptaskilmálar Fríhafnarinnar ehf.

1. gr

Almenn ákvæði

Skilmálar þessir gilda um kaup Fríhafnarinnar ehf., kt. 611204-2130, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli, í skilmálum þessum nefnt Fríhöfnin, á vöru til endursölu í verslunum félagsins. Skilmálarnir skilgreina réttindi og skyldur Fríhafnarinnar annars vegar og seljanda vöru hins vegar.

2. gr

Heimild seljanda til dreifingar í ferðaverslanir

Forsenda fyrir vörukaupum Fríhafnarinnar af seljanda er að hann hafi heimild framleiðanda vöru eða eiganda vörumerkis til sölu og dreifingar vörunnar í fríhafnar- og ferðaverslanir (e. *Travel Retail*) og geti framvísað staðfestingu þar um sé þess óskað.

3. gr

Innkaupasamningur

Innkaupasamningur er gerður við seljanda um kaup á vörum þegar Fríhöfnin hefur samþykkt sölu á henni. Samþykkt viðskiptaskilmála eru grundvöllur innkaupasamnings. Við samþykkt viðskiptaskilmála fær seljandi heimild til þátttöku í tilboðum um að koma áfengri vöru í sölu í verslanir Fríhafnarinnar. Samþykkt viðskiptaskilmála tryggir ekki vöru seljanda í vöruval kaupanda.

4. gr

Afhending vöru

Seljandi skal afhenda vörupantanir í vöruhús Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli á sinn kostnað nema um annað sé samið sérstaklega í innkaupasamningi vöru. Seljandi þarf að geta afhent vöru allt að tvisvar í viku.

Við móttöku sendingar í vöruhúsi er gerð krafa um að:

- hver sending sé merkt með pöntunarnúmeri Fríhafnarinnar á plastfilmu, kassa eða vörubretti.
- strikamerki, frábrugðið strikamerki vöru, sé á hverjum kassa.
- sé magn afhentrar vöru meira en sem svarar einu lagi á bretti skal varan afhent með lyftubíl á EUR vörubretti.
- mesta hæð vöru og brettis er 1,7 metrar.
- vörumagn sé í samræmi við uppgið magn á reikningi og tollskýrslu ef við á.
- strikamerki á stykki og kassa, og magn í kassa sé í samræmi við stofnupplýsingar vörunnar.
- best fyrir dagsetning uppfylli skilyrði Fríhafnarinnar.
- vörur séu heilar og í söluhæfu ástandi.

Uppfylli sending ekki ofangreindar kröfur við afhendingu er móttaka sendingar stöðvuð og beiðni um úrbætur send seljanda. Ef úrbætur hafa ekki borist innan tveggja virkra daga frá því að upplýst er um stöðvun móttöku er sending endursend í heild sinni á kostnað seljanda.

5. gr

Gölluð eða skemmd vara

Seljandi skal taka aftur á sinn kostnað og endurgreiða eða skipta út gallaðri eða skemmdri vöru. Endurgreiðslan skal eiga sér stað við móttöku seljanda á vörunni.

Hafi seljandi ekki brugðist við og tekið til sín gallaða vöru innan fimm virkra daga frá tilkynningu hefur Fríhöfnin heimild til að krefja hann um gjald fyrir geymslu vörunnar. Fríhöfninni er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað seljanda þegar tvær vikur eru liðnar frá því honum var tilkynnt að honum bæri að taka vöruna aftur. Fríhöfninni er heimilt að draga geymslugjaldið og andvirði vörunnar frá greiðslu til seljanda.

6. gr

Geymslupól

Vara sem ber „best fyrir“ merkingu um geymslupól (síðasti sölu- eða neysludagur) skal að jafnaði eiga eftir a.m.k. þriggja mánaða endingartíma þegar hún berst í vöruhús Fríhafnarinnar. Fríhöfnin getur þó í sérstökum tilvikum heimilað skemmri endingartíma. Ef vara uppfyllir ekki skilyrði geymslupóls er hún meðhöndluð á sama hátt og gölluð eða skemmd vara.

7. gr

Breytingar á vöru

Óheimilt er að breyta umbúðum og innihaldi vöru í vöruvali án samþykkis kaupanda.

Vörubreytingar skulu tilkynntar Fríhöfninni sem metur, með hliðsjón af umfangi breytinga á innihaldi og/eða umbúðum, hvort vörubreytingin rúmast innan marka gildandi innkaupasamnings.

Tilkynningu um vörubreytingu skulu fylgja nauðsynleg gögn og sýnishorn.

8. gr

Kröfur til reikninga

- a) Eingöngu er tekið á móti reikningum á rafrænu formi.
- b) Reikningur vegna vörupöntunar skal berast minnst einum virkum degi fyrir afhendingu hennar.
- c) Reikningar skulu vera skýrir og í góðum gæðum.
- d) Reikningar skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
 - a. Reikningsnúmer.
 - b. Pöntunarnúmer eða annað tilvísunarnúmer (uppgengið af Fríhöfninni).
- e) Reikningar skulu vera skilmerkilega uppsettir, með sundurliðun á vörum. Þá skal taka fram magn, einingarverð, afslætti og heildarverð.
- f) Án undantekninga skal tiltaka umsamda flutningsskilmála (INCOTERMS®).
- g) Kennitala seljanda á reikningi þarf að vera sú sama og kemur fram í innkaupasamningi.
- h) Reikningar þurfa að innihalda nákvæmar bankaupplýsingar.
- i) Seljanda er með öllu óheimilt að taka við staðgreiðslu.
- j) Greiðslufrestur skal vera í samræmi við almennan greiðslufrest eða það sem um er samið í innkaupasamningi.
- k) Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans verður honum hafnað.

Skorti umbeðnar upplýsingar á reikning getur það valdið töfum á greiðslu eða höfnun reiknings.

9. gr

Rafræn samskipti

Notast er við rafræna miðlun upplýsinga í samskiptum aðila. Gögn á rafrænu formi teljast skrifleg séu þau tæknilega aðgengileg móttakanda þannig að hann geti kynnt sér efni þeirra, varðveitt þau og framvísað þeim síðar. Gögn á rafrænu formi jafngilda frumriti ef tryggt er að gögnin séu óbreytt frá upprunalegri gerð.

10. gr

Samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Samfélagsábyrgð er ein af grunnstoðum í stefnu Isavia, móðurfélags Fríhafnarinnar, og leggur fyrirtækið metnað í að vinna að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi. Isavia er aðili að Global Compact alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna og skuldbindur félagið sig til að stefna og starfshættir séu í samræmi við hann. Kröfur á viðskiptaaðila eru settar í samræmi við tíu meginreglur UN Global Compact. Gerð er krafa til birgja um að þeir uppfylli lágmarks viðmið sem sett eru fram í viðskiptaskilmálum þessu og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Tilkynna ber félaginu ef grunur vaknar um brot á viðmiðunum. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta staðfest að þessum viðmiðum sé fylgt.

a) VINNUMÁL

I) Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga

Réttur starfsfólks til félagafrelsis og gerð kjarasamninga er virtur og viðurkenndur. Sé réttur til félagafrelsis og/eða gerð kjarasamninga takmarkaður samkvæmt lögum í viðkomandi landi heimili birgjar starfsfólki að kjósa sér fulltrúa til að verja rétt þeirra á vinnustað.

II) Nauðungarvinna

Ábyrgt er að starfsfólk framkvæmi vinnu sína án nauðungar og að því sé frjálst að segja upp vinnu sinni og hætta með hæfilegum eða lögbundnum fyrirvara.

III) Mismunun

Starfsmenn fá jöfn tækifæri og njóti jafnréttis án mismununar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahags, ættneris eða stöðu að öðru leyti. Birgjar skapi starfsumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.

IV) Laun, vinnutími og önnur vinnuskilyrði

Greidd eru regluleg laun (að lágmarki mánaðarlega) og greiðslur, eða hluti þeirra, verða ekki eftir hjá milliliðum. Greidd eru a.m.k. lágmarkslaun eins og gerð er krafa um í lögum, reglum og/eða kjarasamningum í viðkomandi landi. Birgjar halda bókhald um launagreiðslur og geta sýnt fram á að svo sé sannarlega gert. Þeir virða lög og reglur um réttindi starfsfólks t.d. til hvíldar, lengd vinnutíma, orlofs, veikindaréttar og annarra launakjara.

V) Barnavinna

Börn undir lögaldri eru ekki ráðin til að framkvæma vinnu sem er hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Réttur barna til þroska, velferðar og menntunar er virtur. Birgjar fylgi að lágmarki reglum um lágmarksaldur til starfa samkvæmt skilyrðum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO).

VI) Heilsa og öryggi

Vinnuumhverfi starfsfólks er heilsusamlegt og öruggt. Farið er eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað á vinnustað og starfsfólki er séð fyrir viðeigandi búnaði og þjálfun í öryggis- og vinnuverndarmálum. Birgjar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að minnka slyshættu og neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks.

b) MANNRÉTTINDI

Alþjóðleg mannréttindi eru virt. Skapað er og viðhaldið umhverfi þar sem komið er fram við starfsfólk af virðingu, þar sem hvers kyns andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi eða hótanir um slíkt líðast ekki.

c) UMHVERFISMÁL

Birgjar uppfylli kröfur sem gerðar eru í lögum varðandi umhverfismál starfseminnar og starfsemi er hagað á sem umhverfisvænstan máta. Mörkuð sé stefna í umhverfismálum, umhverfisáhrif starfseminnar séu þekkt og leitast við að draga úr þeim með markvissum hætti. Birgjar eru hvattir til að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi í þessum tilgangi.

d) GEGN SPILLINGU

I) Siðferði í viðskiptum

Ávallt er unnið gegn spillingu þar með talið mútum, kúgun og ársvikum. Birgjar bjóða ekki eða biðja um, krefja, veita eða þiggja mútur með beinum eða óbeinum hætti, fyrir sjálfa sig eða aðra. Starfað er í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og viðhaft viðurkennt siðferði í viðskiptum

II) Hagsmunaárekstrar

Birgjar eiga að forðast hvers konar hagsmunaárekstra í viðskiptum við Fríhöfnina. Með hagsmunaárekstrum er t.d. á við þegar fulltrúi birgja setur persónulega hagsmuni, hagsmuni skyldmenni eða vina framar hagsmunum félagsins. Birgir skal tilkynni Fríhöfninni um mögulega hagsmunaárekstra.